



NÍÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (tollar, skilagjald o.fl.).

Nr. S-207/2025 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is

Efnisyfirlit

1.	Þátttaka.....	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim	2
	2.1. Breytingar á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands	2
	2.2. Framlenging á ákvæði EE-liðar ákvæðis til bráðabirgða í búvörulögum, nr. 99/1993, um tímabil lægri tolla á grænmeti	3
3.	Næstu skref.....	4

Janúar 2026

1. Þátttaka

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar		Bændasamtök Íslands
		Félag atvinnurekenda
		HS Orka
		Orkuveitan
		Samorka
		Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu
		Samtök fyrirtækja í landbúnaði
		Samtök verslunar og þjónustu
		ÖBÍ réttindasamtök
Samtals		9

Upplýsingar um málsefni, umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/4092>

2. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

Frumvarpsdrögin voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, dagana 15.–31. október 2025. Níu umsagnir bárust frá Bændasamtökum Íslands, Félagi atvinnurekenda, HS Orku, Orkuveitunni, Samorku, Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði, Samtökum verslunar og þjónustu og ÖBÍ réttindasamtökum.

2.1. Breytingar á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands

Fimm umsagnir bárust í samráðsgátt vegna ákvæða sem varða breytingar á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, frá Orkuveitu Reykjavíkur, Samorku, HS Orku, Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Bændasamtökum Íslands. Í umsögnum kemur m.a. fram að fyrirhuguð heimild stjórnar Náttúruhamfaratryggingar til að hafna eða takmarka váttryggingu sé of opin og geti byggst á huglægum þáttum án skýrra takmarkana. Slíkt fyrirkomulag geti grafið undan grundvallarsjónarmiðum skyldutryggingakerfisins og leitt til mismununar eftir atvinnugreinum eða staðhættum. Þá er bent á að váttryggingar séu grundvallarþáttur í rekstraröryggi fyrirtækja og lykilforsenda fyrir fjármögnun. Ef váttryggingu verði hafnað geti það haft í för með sér að fjármögnun verði ómöguleg eða óhagstæð sem geti haft áhrif á rekstrarhæfi, samkeppnisstöðu fyrirtækja og erlenda fjárfestingu. Einnig er bent á mikilvægi þess að útfærslan verði betur skilgreind og útfærð, áður en fyrirhugaðar lagabreytingar kunna að taka gildi. Umsagnaraðilar benda auk þess á að engin tilkynningarskylda sé sett á Náttúruhamfaratryggingu Íslands um höfnun eða takmörkun váttryggingar og því hætta á að fyrirtæki verði ekki upplýst um stöðu sína fyrr en eftir að tjón hefur orðið. Mikilvægt sé að skýra hvernig framkvæmdin verði í raun, svo sem varðandi endurgreiðslur iðgjalda og að váttryggingafyrirtæki hafi svigrúm til að bregðast við breytingunum. Þá er lagt til að ef frumvarpsdrögin verði að lögum verði þau útvíkkuð á þann veg að hægt verði að kæra ákvörðun um höfnun eða takmörkun váttryggingar til úrskurðarnefndar náttúruhamfaratryggingar. Til viðbótar er bent á að setja þurfi ramma um svigrúm stjórnar Náttúruhamfaratryggingar til að ákveða hækkun iðgjalda á tiltekna aðila. Annars sé hætt við að slíkar iðgjaldaákvörðanir skorti lagastoð. Jafnframt er lagt til að heimildin verði ekki látin ná til atvinnustarfsemi sem telst til mikilvægra eða ómissandi innviða, svo sem orku, hitaveitu, vatns- og fráveitu, óháð eignarhaldi. Loks er óskað eftir að gert verði ítarlegt áhrifamat vegna fyrirhugaðra breytinga.

Í 2. kafla er fjallað um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar. Sú staða er uppi að einstaka stórvægilega áhættu (eignir) geta, einar og sér, ógnað gjaldþoli Náttúruhamfaratryggingar Íslands. Náttúruhamfaratrygging er skyldutrygging sem hefur það meginmarkmið að stuðla að endurreisn byggða og samfélaga í kjölfar meiri háttar náttúruhamfara. Heildargreiðsluskylda stofnunarinnar vegna hvers váttryggingaratburðar takmarkast við 10% (1%) af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf váttryggingaratburðar. Nemi bætur vegna sama atburðar hærri fjárhæð skal hlutur allra váttryggðra sem tjón bíða skerðast í sama hlutfalli. Árið 2025 takmarkast greiðsluskylda stofnunarinnar við um það bil 235 milljarða kr. Greiðslugeta stofnunarinnar, að meðtöldum endurtryggingum, nemur nú um 103 milljörðum kr. Samkvæmt lögum um opinber fjármál er Náttúruhamfaratrygging Íslands aðili í A-2 hluta ríkissjóðs með eigandaábyrgð sem er ígildi einfaldrar ríkisábyrgðar. Samkvæmt lögum um stofnunina hefur hún heimild til lántöku með sjálfskulda rábyrgð ríkissjóðs en slík lántaka er háð samþykki ráðherra. Geta stofnunarinnar til greiðslu af slíku láni mun takmarkast af tekjum hennar. Fyrir liggur að virði einstakra váttryggðra eigna hleypur í einstaka tilvikum á tugum og jafnvel hundruðum milljarða króna. Ef sjóður og endurtryggingar hrökkva ekki til mun stofnunin því þurfa að skerða bætur, m.a. til almennings. Ábyrgð ríkissjóðs takmarkast við greiðsluskyldu stofnunarinnar.

Af framangreindum ástæðum er talið nauðsynlegt að stofnunin fái heimild til að stýra þeirri áhættu sem felst í váttryggingu á stórum stökum eignum og lágmarka þannig líkur á því að skerða þurfi bætur til almennings vegna tjóns á þeim.

Ákvæði um Náttúruhamfaratryggingu Íslands hafa tekið breytingum frá því að frumvarpsdrög voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Nú er aðeins gert ráð fyrir að stofnunin fái heimild til að innheimta iðgjöld í samræmi við kostnað af endurtryggingum ákveðinna muna með álagi. Álagið myndi standi straum af kostnaði stofnunarinnar við að afla sérstakra endurtrygginga fyrir umrædda muni sem geta verið mannvirki, húseignir og lausafé. Ekki er lengur gert ráð fyrir því að stofnunin geti hafnað því að váttryggja brunatryggð verðmæti gegn náttúruhamförum.

Tillögu þeirri sem fram kom í þeim drögum sem birt voru í samráðsgátt hefur verið breytt þannig að nú er hlutlægt viðmið fyrir þær eignir sem fallið geta undir tillöguna. Álag yrði lagt á allar eignir þar sem váttryggingarfjárhæð er hærri en 5% af greiðsluskyldu stofnunarinnar á hverjum tíma, en sú fjárhæð nemur nú tæpum 12 milljörðum kr. Heimildin nær því einungis til allra stærstu áhætta sem aðilar tryggja sig fyrir hjá stofnuninni. Miðað við núverandi aðstæður myndu nokkrir tugir aðila í atvinnurekstri falla undir viðmiðið.

Stjórnsýslulög gilda um starfsemi Náttúruhamfaratryggingar Íslands og í þeim tilvikum sem stofnunin myndi beita heimildum samkvæmt frumvarpsdrögunum yrði hún að gera eigendum viðvart um áform sín og gefa þeim kost á að andmæla áður en til ákvörðunar kæmi. Ákvörðun stofnunarinnar verður ekki kæránleg til úrskurðarnefndar náttúruhamfaratryggingar. Umræddir aðilar hafa þann kost að kaupa náttúruhamfaratryggingar hjá öðrum aðilum kjósi þeir það. Ágreining við stofnunina má bera undir dómstóla.

2.2. Framlenging á ákvæði EE-liðar ákvæðis til bráðabirgða í búvörulögum, nr. 99/1993, um tímabil lægri tolla á grænmeti

Bændasamtök Íslands, Félag atvinnurekenda, Samtök fyrirtækja í landbúnaði og Samtök verslunar og þjónustu gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsdraganna sem snýr að framlengingu á ákvæði EE-liðar ákvæðis til bráðabirgða í búvörulögum, nr. 99/1993, um tímabil lægri tolla á grænmeti. Athugasemdir sneru annars vegar að því að breyta tímabilinu þannig að það yrði varanlegt í stað framlengingar til eins árs og hins vegar að því að kartöflur yrðu undanskildar í bráðabirgðaákvæðinu. Athugasemdir varðandi varanlegar breytingar á tímabilum bárust við fyrirhuguð áform um frumvarpið og er af því tilefni tekið fram að núverandi búvörusamningar renna út í árslok 2026. Samtal um mögulegar breytingar á starfsumhverfi landbúnaðarins á eftir að eiga sér stað og því þykir ekki tímabært að breyta ákvæðinu varanlega. Hvað varðar breytingar á tímabilum fyrir einstaka vörflokka, byggist bráðabirgðaákvæðið á sameiginlegri tillögu sem barst frá Bændasamtökum Íslands og Félagi atvinnurekenda árið 2021. Þykir því rétt að framlengja það að svo stöddu þar sem aðilar eru ekki sammála um breytingar á tímabilum.

3. Næstu skref

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á Alþingi á haustþingi 2025.